

Olíudreifing ehf  
Hólmaslóð 8 - 10  
101 Reykjavík

Akureyri, 7.12.2023  
UST202301-396/G.S.Á.  
08.06.02

**Varðar þrýstiprófun á einni lögn Olíudreifingar ehf., nr. 710.72.00 í birgðastöðinni á Seyðisfirði.**

Umhverfisstofnun bárust þann 18. október sl. niðurstöður þrýstiprófunar á einni eldsneytislögn í olíubirgðastöðinni á Seyðisfirði. Lögn 710.72.00 er úr svörtu stáli, 4" DN 100, veggþykkt 6,0 mm.

Prófunin fór fram þann 10. nóvember 2022. Þrýstingi var lyft upp í prófunarþrýsting, tæp 12 bör og prófað í 4 klst. Síriti af gerðinni Campell CR850 vaktaði og skráði þrýstingsbreytingar. Hitastig var um 4°C.

Meðfylgjandi eru samantektarblöð um prófunina.

**Lögnin stóðst prófunina og Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áframhaldandi notkun á lögninni.**

**Þrýstiprófa skal niðurgrafnar olíulagnir og löndunarlagnir á að a.m.k. 5 ára fresti skv. reglugerð nr 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.**

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir  
teymisstjóri